



Dagskrá 895. Fundur stjórnar GSÍ, 9. janúar 2018, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Jón B. Stefánsson, Eggert Á. Sverrisson, Jón Steindór Árnason, Bersteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Starfsnefndir, stjórn skiptir með sér verkum

Eftirfarandi stjórnarmenn voru einróma skipaðir sem formenn starfsnefnda GSÍ.

Afreksnefnd: Jón Steindór Árnason
Alþjóðanefnd: Haukur Örn Birgisson
Fjárhagsnefnd: Kristín Guðmundsdóttir
Laganefnd: Þorgerður K. Gunnarsdóttir
Landsnefnd eldri kylfinga: Jón B. Stefánsson
Mótanefnd: Hörður Geirsson
Umhverfisnefnd: Gunnar K. Gunnarsson
Útbreiðslunefnd: Hansína Þorkeldsdóttir
Útgáfunefnd: Hulda Bjarndóttir
Þjónustunefnd: Eggert Á. Sverrisson
IT - nefnd: Bergsteinn Hjörleifsson

Þá samþykkti stjórnin einnig að skipa Eggert Á Sverrisson sem varaforseta, Kristínu Guðmundsdóttur sem gjaldkera og Hansínu Þorkeldsdóttur sem ritara stjórnar.

3. Vinnuferð stjórnar 2018
Ákveðið var að stjórn GSÍ skyldi halda í sérstaka vinnuferð á næstu mánuðum og var framkvæmdastjóra var falið að finna dagsetningu sem hentar. Markmið ferðarinnar er að undirbúa starfsárið, fara yfir stefnu hreyfingarinnar og skipta verkum á milli stjórnarmanna.



4. Kynning á væntanlegri heimsókn erlends kylfings

Haukur Örn fór yfir kynningarefni tengt áætlaðri heimsókn þekkts kvenkylfings í júní næstkomandi. Stjórn lýsti yfir áhuga á að skoða nánar aðkomu að viðburðinum og vísaði málinu til frekari umræðu í útbreiðslunefnd og afreksnefnd. Tillögur að nánari útfærslu á aðkomu sambandsins verður lögð fyrir stjórn á síðari stigum.

5. Mótaskrá 2018, verðlaunaafhendingar

Haukur Örn fór yfir drög að mótaskrá GSÍ fyrir árið 2018 og í framhaldi bað hann stjórnarmenn að taka að sér verðlaunaafhendingar á mótariðum GSÍ. Framkvæmdastjóri mun deila með stjórn skráningarskjali. Miðað er við að hver stjórnarmaður taki að sér tvær til þrjár verðlaunaafhendingar á komandi tímabili.

Jón B. Stefánsson bar upp spurningar tengdar mótahaldi leikmanna á aldrinum 50+. Að lokinni umræðu var málinu vísað í frekari skoðunar hjá LEK-nefnd sambandsins og mótanefndar þar sem ræða á almennt um framtíð mótahalds þessa aldurshóps.

6. Önnur mál:

Samstarfsaðilar

Haukur Örn fór yfir stöðu á samningum við samstarfsaðila GSÍ

IT mál

Bergsteinn Hjörleifsson kynnti fyrir stjórn áform og stefnu IT - nefndar í uppbyggingu á vef sambandsins.

Fastir fundartímar á árinu 2018 voru ræddir og ætlar Haukur Örn að koma með tillögu á næstunni.

Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ og umsóknarferli rædd.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi var slitið kl.19.05